

Alþingi nefndasvið
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.11.2007
Tilv. 40.13
JP/gg

Frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, 183. mál, stofnfrumurannsóknir


Landspítala hefur borist bréf nefndasviðs Alþingis dags. 13. þ.m. varðandi umsögn um mál 183, frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, stofnfrumurannsóknir.

Frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/1996 um tæknafrjóvgun var lagt fram á 133. löggjafarþingi en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Með bréfi til nefndarsviðs Alþingis, dags. 23. feb. 2007, gaf LSH umsögn sína sem byggði á umsögnum Siðfræðinefndar LSH og Vísindaráðs LSH. Vísast til þessarar umsagnar og fylgiskjala með henni, sem jafnframt fylgja hér með.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið gerði þáverandi heilbrigðis- og trygginganefnd tillögu um smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem nánar er gerð grein fyrir og er frumvarpið nú endurflutt að teknu tilliti til flestra þessara athugasemda. Þær lagfæringar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því að það var fyrst lagt fram á 133. löggjafarþingi, eru þess efnis að ekki er tilefni til athugasemda af hálfu LSH.

Til samræmis við fyrri afstöðu LSH, sem að framan greinir, mælir LSH með framgangi máls 183, stofnfrumarannsóknir.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri

46.13



Gísli H
Sigurðsson/SGS/Landspítali
/IS

23.02.2007 09:10

To jgunnars@landspitali.is, palmason@landspitali.is

cc

bcc

Subject Frumvarp til laga um tæknifrjófgun, 530. mál,
stofnfrumurannsóknir

Jóhannes M Gunnarsson
Lækningaforstjóri
LSH



23 FEB. 2007

MÓTTAKIÐ

Sæll Jóhannes

Frumvarp til laga um tæknifrjófgun, 530. mál, stofnfrumurannsóknir

Ég hef farið vandlega yfir frumvarpið og auk þess rætt það við samstarfsmenn sem vel þekkja til.

Niðurstaðan er eftirfarandi:

Frumvarpið er vandað og metnaðarfullt og mun gagnast læknávisindunum vel.

Því ber að fagna því og mæla með að það verði samþykkt.

Með kveðju

Gísli H Sigurðsson
Formaður Vísindaráðs LSH

Prófessor og yfirlæknir
Svæfinga- og gjörgæstudeild
Landspítali háskólasjúkrahús, Hringbraut
IS 101 Reykjavík
Ísland
Fax 00354 543 7346
e-mail gislihs@lsh.is

Rvk 23. feb 2007

Efni: Frumvarp um breytingar á lögum nr 55/1996 um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Jóhannes Pálmason

Yfirlögfræðingur LSH

Ekki var unnt að fjalla ýtarlega um ofangreint frumvarp á þeim stutta tíma sem gafst, en siðfræðinefnd Landspítalans hefur farið yfir góðar athugasemdir, sem eru ítarlegar, fræðandi og byggðar á alþjóðlegri þekkingu.

Lagabreyting þessi er forsenda þess að þeim lagalega grundvelli verði komið á er fjallar um þau siðfræðilegu ágreiningsefni sem að stofnfrumurannsóknum snúa.

Stofnfrumulínurannsóknir (með notkun kynfruma og fósturvísa) eru til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta hellsu og lækna sjúkdóma. Í frumvarpinu kemur fram að vísindasiðanefnd Íslands hefur þar lokaorð og ákvörðun hvort skilyrðum laga og reglna sé fullnægt og veitir heimild til slíkra stofnfrumurannsókna

Efni frumvarpsins fjallar um helstu álitafni er snýr að heimild að nota fósturvísa til að búa til stofnfrumulínur og hvort eftir atvikum eigi að leyfa kjarnaflutning i læknisfræðilegum tilgangi og er ekki talin ástæða að setja hömlur við slíkum rannsóknum hvorki frá siðfræðilegu né vísindalegu sjónarmiði enda hafa slíkar rannsóknir með notkun innfluttra stofnfrumulína í reynd verið leyfðar hér á landi með samþykki vísindasiðanefndar. En efni frumvarpsins lítur ekki að rannsóknum stofnfrumum sem slíkum. Það er tekið skýrt fram í 14gr frumvarpsins hvað sé óheimilt og er hvergi hvikað frá núgildandi lögum á banni við einræktun i æxlunartilgangi en rík alþjóðleg samstaða er um að slík sé óheimilt .